



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# EDDA III



LÍF GUÐANNA

**23. MARS 2018**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út á skírdag, 29. mars kl. 19:30.

**Áætluð tímalengd verks: 60'**



Tónleikarnir eru styrktir af afmælisnefnd 100 ára fullveldis og af STEFi.

Smekkleysa selur útgefna diska með tónlist Jóns Leifs í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð. Auk þess verður til sölu ævisaga tónskáldsins, Jón Leifs – Líf í tónum eftir Árna Heimi Ingólfsson, sem kom út árið 2009.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**



FOS 23 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# EDDA II – LÍF GUÐANNA

---

**Hermann Bäumer**  
hljómsveitarstjóri

.....  
**Hanna Dóra Sturludóttir**  
einsöngvari

.....  
**Elmar Gilbertsson**  
einsöngvari

.....  
**Kristinn Sigmundsson**  
einsöngvari

.....  
**Schola cantorum**  
kór

.....  
**Hörður Áskelsson**  
kórstjóri

---

---

## EFNISSKRÁ

Jón Leifs

**EDDA II. Líf guðanna, op. 42**, (1951–66, heimsfrumflutningur)  
*óráttoria fyrir mezzósópran, tenór, bassa, blandaðan kór og hljómsveit*

Óðinn  
Synir Óðins

## Hlé

Ásynjur  
Valkyrjur  
Nornir  
Einherjar

For information in English about tonight's programme, including texts and translations, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# HERMANN BÄUMER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**Þ**ýski hljómveitarstjórinn Hermann Bäumer er aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Mainz og stjórnar einnig óperuhljómveit borgarinnar. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt í Mainz en hann hefur einnig stjórnað fjölda annarra hljómveita, m.a. Deutsche Kammerphilharmonie Bremen, Útvarpshljómveitunum í Berlín og Bæjaralandi, Bæversku þjóðarhljómveitinni í München, og Útvarpshljómveitinni í Helsinki. Þá hefur hann stjórnað við Komische Oper í Berlín, m.a. *Aufstieg und Fall der Stadt Mahagonny* eftir Kurt Weill.

Bäumer er einnig framúrskarandi básúnuleikari. Hann hóf tónlistarferil sinn sem bassabásúnuleikari í Sinfóníuhljómveitinni í Bamberg en árið 1992 hlaut hann fastráðningu við Fílharmóníuhljómveit Berlínar. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir hljóðritanir sínar bæði sem básúnuleikari og hljómveitarstjóri, og má nefna að hann hlaut verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda árið 2010.

Bäumer er mikill áhugamaður um tónlist Jóns Leifs og stjórnaði heildarfrumflutningi og hljóðritun á *Eddu I* með Sinfóníuhljómveit Íslands árið 2006. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómveitinni fyrst árið 2001 á tónleikum af nokkuð öðrum toga: þegar Botnleðja og Quarashi komu fram með SÍ í Háskólabíói. Einnig stjórnaði hann *Carmina Burana* eftir Carl Orff í Hörpu árið 2013 en þar komu fram Kór Áskirkju og Söngsveitin Fílharmónía ásamt Sinfóníuhljómveit Íslands.

### UM STJÓRNANDANN

Hermann Bäumer hefur nokkrum sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómveit Íslands.

Hann stjórnaði frumflutningi og hljóðritun á *Eddu I*: Sköpun heimsins árið 2006, og flutningi á *Carmina Burana* eftir Carl Orff í Eldborg árið 2013. Frumraun hans hér á landi var árið 2001 þegar hann stjórnaði tónleikum þar sem sveitirnar Botnleðja og Quarashi komu fram með Sinfóníuhljómveit Íslands. Eftir páska tekur við hljóðritun hjá Sinfóníuhljómveitinni á *Eddu II* undir stjórn Bäumers fyrir BIS-útgáfuna.



---

# HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR

## EINSÖNGVARI

**H**anna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms í Listaháskólann í Berlín. Kennarar hennar þar voru Anke Eggers og Dietrich Fischer-Dieskau og útskrifaðist hún þaðan með viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Hanna Dóra hefur sungið við mörg helstu óperuhús Þýskalands, m.a. Komische Oper og Ríkisóperurnar í Berlín og München. Á meðal þeirra u.þ.b. 50 hlutverka sem hún hefur túlkað á ferlinum eru titilhlutverkin í *Ariadne á Naxos* og *Carmen*, Eboli í *Don Carlo*, Donna Elvira í *Don Giovanni* og Larina í *Évgení Onegin*. Hanna Dóra hefur þrívægis fengið tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna og hlaut verðlaunin sem söngkona ársins 2014 fyrir hlutverk Eboli í *Don Carlo*.

Hanna Dóra hefur komið fram á tónleikum um allt Þýskaland og víða í Evrópu og tónleikahald hefur m.a. borið hana til Qatar og Egyptalands. Undanfarin ár hefur hún tekið þátt í uppfærslum óperusmiðjunnar Novoflot í Berlín, sem sérhæfir sig í óvenjulegum uppsetningum og frumflutningi á nýrri óperutónlist. 2017 söng hún aðalhlutverkið í *Die Passagierin* í Gelsenkirchen í Þýskalandi og fékk feykilega góða dóma fyrir frammistöðu sína. Næsta verkefni Hönnu Dóru er hlutverk í óperunni *Brothers* sem sýnd verður á Listahátíð 9. júní en framundan er tónleikahald bæði á Íslandi og í Þýskalandi.



---

# ELMAR GILBERTSSON

## EINSÖNGVARI

**E**lmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Eftir það lá leiðin til Amsterdam í Hollandi þar sem hann nam óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Elmar hefur starfað við Óperustúdíó Hollensku óperunnar og óperuna í Maastricht í Hollandi, ásamt lausráðningum við óperuhús víðsvegar um Evrópu. Elmar hefur m.a. sungið og túlkað Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*,

Elvino í *La sonnambula* og hertogann í *Rigoletto* eftir Verdi. Elmar hefur tvívegis hlotið Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins og íslensku tónlistarverðlaunin 2014 og 2016 sem söngvari ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar, þau síðari fyrir túlkun sína á Lensky í *Évgení Onegin*.



## KRISTINN SIGMUNDSSON

### EINSÖNGVARI

**K**ristinn Sigmundsson er einn ástsælasti söngvari íslensku Þjóðarinnar og stendur nú á hátindi ferils síns. Hann hefur komið fram í flestum stærstu tónlistar- og óperuhúsum heims og nægir þar að nefna La Scala í Mílanó, Ríkisóperuna í Vínborg, Þjóðaróperuhúsið í París og Metropolitan óperuna í New York. Hann hefur tekið þátt í ýmsum hljóðritunum með erlendum hljómsveitum, m.a. *Töfraflautunni* og *Don Giovanni* með hljómsveit Drottningholm-óperunnar og *Matteusarpassíu* og *Jóhannesarpassíu* Bachs með Orchestra of the Eighteenth Century. Kristinn söng einnig nýlega í uppfærslu og hljóðritun á óperunni *The Ghosts of Versailles* eftir John Corigliano, sem hlaut Grammy verðlaunin 2016 sem óperuhljóðritun ársins. Meðal annarra viðurkenninga sem hann hefur hlotið eru Philadelphia Opera Prize og Opernweltverðlaunin í Belvedere óperusöngvarakeppninni í Vínborg árið 1983 og Íslensku tónlistarverðlaunin 1995, 2010, 2011, Grímuverðlaunin sem söngvari ársins 2016 og Heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016. Kristinn hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1995.



## SCHOLA CANTORUM

### KÓR

Kammerkórinn Schola cantorum hefur verið mikilvirkur flytjandi tónlistar undir stjórn Harðar Áskelssonar í 21 ár. Kórinn hefur á þessum árum komið víða við en líklega verið hvað atkvæðamestur í flutningi tónlistar frá 20. og 21. öld. Einnig hefur kórinn sinnt mjög gamalli fjölröddun endurreisnarinnar auk þess að flytja mörg stórvirki barokktímans í félagi við Alþjóðlegu barokksveitina í Hallgrímskirkju. Kórinn hefur

einnig unnið með fjölmörgum öðrum listamönnum við tónleikahald, upptökur fyrir geislaflötur, sjónvarp og kvikmyndir og þar má nefna Björk, Sigur Rós, Wildbirds and Peacedrums, Hjaltalín, Tim Hecker, Ben Frost, Jóhann Jóhannsson og Kjartan Sveinsson.

Schola cantorum hefur haldið tónleika víða um heim, nú síðast í Los Angeles í apríl 2017 þar sem kórinn söng á fernum tónleikum á Reykjavík Festival í Walt Disney Concert Hall. Schola cantorum hefur sent frá sér marga geisladiska. Fyrir tveimur árum var það diskurinn *Meditatio* sem kom út á vegum sænsku útgáfunnar BIS og hefur hlotið afar lofsamlega umfjöllun víða um heim. Söngur Schola cantorum hljómar jafnframt á fleiri diskum frá BIS í heildarútgáfu fyrirtækisins á verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit og má þar nefna *Baldr*, *Hafis*, *Heklu* og *Eddu I*. Schola cantorum hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2017 sem tónlistarflytjandi ársins.



## HÖRÐUR ÁSKELSSON

### KÓRSTJÓRI

**H**örður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Pýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars. Árið 1982 stofnaði hann Mótetukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna auk þess sem hann hefur stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum. Hörður hefur hlotið margsháttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV árið 2002, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002. Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011. Hörður hefur með kórnum sínum tekið þátt í flutningi og hljóðritunum S.Í fyrir BIS á öllum verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit, sem útgáfufyrirtækið hefur gefið út, síðast á *Eddu I* árið 2007.



# JÓN LEIFS

## EDDA II – LÍF GUÐANNA

Jón Leifs (1899–1968) var fyrsta þjóðlega íslenska tónskáldið. Tónlist hans tekur mið af íslenskum þjóðlagaarfi og sækir efnivið í stórgerða náttúru landsins og fornan bókmenntaarf. Verk Jóns fengu misjafnar viðtökur meðan hann sjálfur lifði og það var ekki fyrr en á síðasta áratug 20. aldar sem hann hlaut þann sess sem honum ber í íslenskrí tónlistarsögu. Flest verka hans hafa verið flutt að minnsta kosti einu sinni og hljóðrituð fyrir sænska plötuforlagið BIS, en þó eru nokkur verka hans enn óflutt. Óratorían *Edda* er stærsta verk Jóns og eitt metnaðarfyllsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, þriggja kvölda tónsmíð fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit byggt á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu. Segja má að smíði þess hafi verið stór hluti ævistarfs Jóns, því hann hóf að leggja drög að *Eddu I* um 1930 og náði ekki að ljúka þriðju óratóriunni áður en hann lést árið 1968.

Fyrstu vísbendingar um að Jón hafi í hyggju að semja verk af þessum toga er að finna í bréfi sem hann ritaði Sigurði Nordal í febrúar 1928. Þar kvaðst hann hafa í hyggju að tónsetja *Völuspá* og bað um aðstoð hans við að koma textanum saman. Það tók Jón nokkur ár að fullgera söngtextann enda varð verkið mun stærra í sniðum en hann hafði upphaflega ætlað. *Völuspá* var ekki lengur eina heimildin heldur leitaði hann fanga víða í Eddukvæðum og Snorra-Eddu. Þegar Jón lauk við textahandritið í maí 1933 var það 86 vélritaðar síður og skiptist í fjóra hluta: *Sköpun heimsins*, *Líf guðanna*, *Ragnarök* og *Endurreisn*. Annað tónskáld hafði áður byggt risavaxinn fjórþátung á frásögn Eddukvæða af sköpun heimsins og lífi hinna norrænu goða. Jón þekkti vel til *Niflungabringingsins* eftir Richard Wagner, hafði keypt nóturnar á námsárum sínum og séð uppfærslur verksins í þýskum óperuhúsum. En nálgun Wagners var of fágúð og rómantísk til að falla að smekk íslenska tónskáldsins sem kvaðst hafa samið mörg verka sinna, þeirra á meðal *Eddu-óratoríuna* og *Sögusinfóníuna*, „sem andmæli gegn Wagner, er misskildi svo herfilega norrænt eðli og norræna listarfleifð“.

Jón lauk við *Eddu I* árið 1939. Verkið heyrði hann aldrei í heild sinni, en tveir þættir hljómuðu á tónskáldamóti í Kaupmannahöfn árið 1952 og dræmar viðtökur þeirra – sem og *Sögusinfóníunnar* í Helsinki 1950 – urðu til þess að draga úr honum kjark með framhaldið. Fáeinum mánuðum fyrr hafði hann dregið fram nótnapappírinn til að hefja smíði *Eddu II*, sem er í sex köflum. Um það leyti sem hann hélt til Kaupmannahafnar 1952



hafði hann lokið við 48 blaðsíður af fyrsta þætti sem er stórbrotin lýsing á Óðni hinum alráða. Þegar hátíðinni hafði verið slitið hélt hann til Svíþjóðar og reyndi að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Kraftarnir dugðu til að semja tvær og hálfu síðu. Jón lagði handritið til hliðar og tíu ár liðu þar til hann tók þráðinn upp að nýju. Á blaðsíðu 51 stendur: „Hér byrjað aftur á tónsmíðinni 11. júlí 1962 í Bifröst, Borgarfirði.“

Fyrsti þáttur verksins var fullgerður síðla árs 1962 og ári síðar var annar kaflinn einnig kominn á blað en þá er eins og Jón bresti skyndilega kjark. Var hann að missa trúna á meistara-verkið enn eina ferðina? Í blaðaviðtali sumarið 1962 hafði hann nefnt hversu auðvelt honum reyndist að taka upp þráðinn: „Ég varð hissa á því að skriftin og hugsunargangurinn skyldu ekkert hafa breyst á þessum tíma. Það er alls ekki hægt að sjá hvar ég hætti fyrir tíu árum og hvar ég byrjaði nú á ný.“ Við nánari íhugun hlýtur Jón að hafa séð hve tvíbent þessi athugasemd hans var. Tónsmíðastíll hans varð einstrengingslegri með hverju árinu sem leið og hann átti á hættu að staðna sem listamaður. Hugsanlega brast líka trúin á að Ísland yrði þess nokkru sinni megnugt að flytja risaverkið sem rúmaðist ekki einu sinni á venjulegum nótnapappír.

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á Eddu II.

Hafi *Edda I – Sköpun heimsins* gert nær óviðráðanlegar kröfur um fjölda og getu flytjenda gengur *Edda II – Lifguðanna* skrefi lengra. Hún er samin fyrir þrjá einsöngvara, blandaðan kór og hljómsveit sem telur einnig fornlúðra og stóran slagverkshóp að hætti tónskáldsins. Fyrsti þáttur er lýsing á hinum tignarlega Óðni, þar sem kór og einsöngvarar eru í forgrunni, mezzó-sópran, tenór og bassi. Tenór fer með stærsta hlutverkið og fær í sinn hlut langar og flóknar hendingar sem tónskáldið biður um að séu sungnar „quasi jodeln“ – eins og jóðlað. Í öðrum þætti, *Synir Óðins*, skiptir Jón kórnum í tvo kóra og biður um að annar þeirra syngi baksviðs, en slíkt er einkar flókið í útfærslu og samhæfingu og því eru kórarnir báðir á sviðinu í kvöld. Í þeim kafla er sungið um lúðurinn Gjallarhorn sem heyrst um alla heima og á meðan fá málmblásturshljóðfærin ærið að starfa.

*Ásynjur* er blíðari þáttur, að mestu sunginn af karlaröddum kórsins og ástaróður til hinna tignu meyja sem eru nefndar hver á eftir annarri: Frigg, Sága, Eir, Gefjun, Fulla og Freyja. Tónlistin fær ekki völdugri blæ fyrir en síðasta ásynjan er nefnd á nafn, enda er það Sigyn sem heldur mundlauginni undir eitrið sem drýpur á Loka. Bæði munu þau koma aftur við sögu í næsta hluta óratoríunnar, þegar heimurinn er á vonarvöl. Síðustu taktarnir eru örlagaþrungin hróp kórsins sem hljómsveitin tekur öll undir og verður síðan viðkvæði í hinni risavöxnu *Eddu III*: „Vituhð ér enn eða hvað?“

Þrír styttri þættir fylgja í kjölfarið. *Valkyrjur* eru gamansamur þáttur en *Nornir* hæg, ofurveik en magnþrungin lýsing á

örlaganornunum Urði, Verðandi og Skuld. *Eddu II* lýkur með bardagalýsingu rétt eins og *Sögusinfóniunni*. Í kaflanum *Einherjar* er þó allt á glaðværum nótum enda er hér ekki barist upp á líf og dauða. Áhrifamiklir hápunktur rísa eigi að síður enda er blásið í lúðra og bumbur slegnar meðan einherjar höggvast á.

Í lokaverki *Eddu*-þrileiksins, hinu enn óflutta *Edda III – Ragnarökr*, er allt lagt undir. Himnar og jörð standa í björtu báli meðan lokauppgjör góðs og illis fer fram. Til að koma slíkum hamförum til skila þurfti stærri flytjendahóp en jafnvel Jón Leifs hafði notað áður. „Það er geysilegur partítúr, ég hef aldrei lent í öðru eins. Það er ómögulegt að lýsa svona atburðum nema með stórum hlutum,“ sagði hann í útvarpsviðtali við Þorkel Sigurbjörnsson. Á sviðinu eru stór hljómsveit, slagverkshópur, blandaður kór og tveir einsöngvarar, mezzósópran og barítón; vinstra megin að baki áheyrenda er karlakór með tenóreinsöngvara, þremur básúnum, tveimur túbum og slagverki; hægra megin er kvennakór ásamt fjórum trompetum, pákum og slagverki. Það fer vel á því að tónlist um endalok heimsins sé engu lík og veki bæði uggi og ótta, ekki síst spurningin sem er eins og rauður þráður gegnum verkið allt: „Vituð ér enn eða hvað?“

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Lúrar eru hljóðfæri frá miðöldum, um 1,5–2 metrar að lengd, sem hafa fundist bæði í Danmörku og Þýskalandi. Jón Leifs notaði lúra fyrst í *Eddu I*: Sköpun heimsins, og síðan í mörgum stærstu verka sinna, m.a. *Eddu II* og *Sögusinfóniunni*. Sinfóníu-hljómsveit Íslands fjárfesti í eftirgerð af lúrum upp úr 1970 en þeir reyndust hljóma óhreint og eru í raun ónothæfir. Því hefur verið brugðið á það ráð að fá lánaða sýningar-gripí frá Þjóðminjasafni Íslands við flutning á verkum Jóns, og er forráðamönnum safnsins þakkað kærlega fyrir velvildina. Ætla má að fyrirmynd lúranna sem notaðir eru hér séu lúðrar frá því 1500–1000 fyrir Krist eða frá því tímabili á Norðurlöndum sem nefnt hefur verið bronsöld.

Jón vann að *Eddu III* síðustu tvö árin sem hann lifði, en síðustu vikuna í apríl 1968 fékk hann blóðug uppköst og var lagður inn á Landspítalann. Við rannsókn fannst æxli sem ekki varð komist fyrir með aðgerð. Síðustu mánuðina sem Jón lifði var hann í stöðugu kapphlaupi við tímann og reyndi að festa á blað eins marga tóna og framast var unnt áður en maðurinn með ljáinn færi með óumflýjanlegan sigur af hólmi. Jón Leifs lést frá *Eddu III* ófullgerðri hinn 30. júlí 1968. Endalokin sem völvan spáði hljómuðu hvergi nema í hugskoti hans sjálfs.

*Árni Heimir Ingólfsson*

## EDDA II – SÖNGTEXTAR

### I. ÓÐINN

Heilir æsir!  
Heilar ásynjur!  
Heil sjá in fjölnýta fold!

Óðinn er æztr ok elztr ásanna. Hann ræðr  
öllum hlutum.

Hann er svá fagr ok göfugr álitum at öllum  
hlær hugr við.

Þat kann ek it fyrstu  
er gól Þjóðrerir  
dvergr fyr Dellings dyrum.

Heill dagr!  
Heilir dags synir!

Afl gól hann ásum  
en álfum frama,  
hyggju Hroftatý.

Allt veit ek Óðinn,  
hvar þú auga falt  
í hinum mæra  
Mímis brunni.

Hittusk æsir  
á Iðavelli,  
þeir er hörg og hof  
hátimbruðu,  
afla lögðu,  
auð smíðuðu,  
tangir skópu  
ok tól gerðu.  
Tefldu í túni,  
teitir váru.

Heilir æsir!  
Heilar ásynjur ok öll ginnheilög goð!  
Heil sjá in fjölnýta fold!

Mjök er auðkennt  
þeim er til Óðins koma.

Öllum hlær hugr við.

Bær heitir þar

blíð regin  
silfri þöktu sali.

Óðinn heitir Alföður.

Mjök er auðkennt  
þeim er til Óðins koma  
salkynni at séa:  
vargr hangir  
fyrir vestan dyrr  
ok drúpir örn yfir.

Óðinn setti lög í landi sínu. Óðinn er sigrsæll  
í hverri orrustu. Óvinir hans óttast hann, en  
vinir hans treysta honum ok trúa á kraft hans.  
Ef hann leggur hendur á höfuð mönnum, þá  
trúa þeir at vel muni farast. Óðinn kann þá  
íþrótt er seiðr heitir. Gefr hann sigr sumum.  
En sumum býðr hann til sín.

Gefr hann sigr sumum  
en sumum aura,  
mælsku mörgum  
ok manvit firum.

Byrði betri  
ber-at maðr brautu at,  
en sé manvit mikit.

Byri gefr brögnum  
en brag skáldum,  
gefr hann mansemi  
mörgum rekki.

Stundum vegr hann dauða menn ór jörðu.

Ljóð ek þau kann  
er kann-at þjóðans kona  
ok mannskis mögur.  
Hjálp heitir eitt,  
en þat þér hjálpa mun  
við sökum ok sorgum.

Óðinn kann þau ljóð, er upp lýkst jörðin ok  
björg ok steinar.

Rúnar munt þú finna  
ok ráðna stafi,  
mjök stóra stafi,  
mjök stinna stafi,  
er fáði fimbulþulr

ok görðu ginnregin  
ok reist Hropttr röгна,  
Óðinn með ásum.

Veiztu hve rista skal?  
Veiztu hve ráða skal?  
Veiztu hve fáa skal?  
Veiztu hve freista skal?

Óðinn kann at slökkva eld ok kyrra sjá ok  
snúa vindum. Allar þessar íþróttir kenndi  
hann goðunum. Hann mælir allt hendingum.  
Hann talar svá snjallt at öllum er á heyra þykir  
þat eina satt. Hann skiptir hömum; liggir þá  
búkrinn sem sofinn eða dauðr. Óðinn má vita  
örlög manna ok óorðna hluti.

Huginn og Muninn  
fljúga jörmungrund yfir  
hverjan dag.

Margir staðir eru á himni fagrir, ok er þar allt  
guðlig vörn fyrir.

Valaskjálf heitir ok háseti þat er Hliðskjálf  
heitir, ok Alföðr sitr í. Hann sér of alla heima.

Glaðsheimr heitir,  
þar en gullbjarta  
Valhöll víð of þrumir.

Fimmhundruð dura  
ok um fjórum tugum,  
svá hygg ek á Valhöllu vera.

Valgrind heitir  
er stendr velli á  
heilög fyr helgum durum.  
Forn er sú grind  
en þat fáir vitu  
hve hon er í lás of lokin.

## II. SYNIR ÓÐINS

Glaðsheimr! Glaðsheimr!

Burir eru Óðins  
Baldr ok Meili,  
Víðarr ok Nepr,  
Váli, Áli,  
Þórr ok Hildólfr,

Hermóðr, Sigi,  
Skjöldr, Yngvi-Freyr  
ok Ítreksjóð,  
Heimdallr, Sæmingr,  
Höðr ok Bragi.

Breiðablik heitir  
þar er Baldr hefur  
sér of gjörva sali,  
á því landi  
er ek liggja veit  
fæsta feiknstafi.

Baldr er svá fagr álitum ok bjartr at lýsir af  
honum.

Þórr er sterkastr allra goðanna ok manna.

Þórr heitir Atli  
ok Ásabragr;  
sá er Ennilangr  
ok Eindriði,  
Björn, Hlórriði  
ok Harðvéorr,  
Vingþórr, Sönnungr,  
Véoddr ok Rymr.

Enn skal telja  
ása heiti:  
Þar er Yggr ok Þórr  
ok Yngvi-Freyr,  
Víðarr ok Baldr,  
Váli ok Heimdallr;  
Týr ok Njörðr;  
tel ek næst Braga.

Þórr hefr Yggs með árum  
Ásgarð of þrek varðan.

Varð einn borinn  
öllum meiri;  
sá er aukinn  
jarðar megni,  
Jarðar burr!

Hann á ríki þar er Þrúðvangar heita.

Yggr ok Þórr ok Yngvi-Freyr.

En í Þrúðheimi  
skal Þórr vera

unz of rjúfask regin.

Ennilangr ok Eindriði,  
Vingþórr, Sönnungr,  
Véoddr ok Rymr,  
Hlórriði ok Harðvéorr.

Heimdallr er kallaðr hvíti áss.

Enn sá staðr er Himinbjörg heita, sá stendr á  
himins enda, við brúarsporðinn, þar er Bifröst  
kemr til himins.

Himinbjörg heita,  
en þar Heimdall  
kveða valda véum.

Þar vörðr goða  
drekkr í væru ranni  
gláðr inn góða mjöð.

Goðin gerðu brú af jörðu til himins, er Bifröst  
heitir; kallið er regnboga.

Heimdallr! Hann er vörðr goða við himins  
enda ok gæta brúarinnar fyrir bergrisum.  
Heimdallr! Hann hefr lúðr þann er Gjallarhorn  
heitir, ok heyrir blástr hans í alla heima.  
Heimdallr! Hann er mikill ok heilagr. Hann  
þarf minna svefn en fugl; hann sér jafnt nótt  
sem dag hundrað rasta frá sér. Hann heyrir ok  
þat er gras vex á jörðu eða ull á sauðum ok allr  
þat er hærra lætr.

Enn skal telja  
ása heiti:  
Þar er Yggr ok Þórr  
ok Yngvi-Freyr,  
Viðarr ok Baldr,  
Váli ok Heimdallr;  
þá er Týr ok Njörðr á himni,  
þar sem heitir Nóatún.

Nóatún heita  
þar Njörðr hefr  
sér af gjörva sali;  
manna þengill  
ins meus vani  
hátimbruðum hörgi ræðr.  
Njörðr í Nóatúnum!

Hann ræðr fyrir göngu vinds ok stillir sjá ok  
eld. Á hann skal heita til sæfara ok veiða.  
Hann er svá auðigr at hann má gefa auðlanda  
eða lausafjár. Á hann skal til þess heita.

Burir eru Óðins  
Baldr ok Meili,  
Viðarr ok Nepr,  
Váli, Áli,  
Þórr ok Hildólfr,  
Hermóðr, Sigi,  
Skjöldr, Freyr, Ingvi-Freyr  
ok Ítreksjóð.

Freyr er hinn ágætasti af ásum. Hann ræðr  
fyrir regni ok skini sólar ok þar með ávexti  
jarðar, ok á hann er gott að heita til árs ok  
friðar.

Álfheim Frey  
gáfu í árdaga  
tírar að tannféi.

Freyr er beztr  
allra ballriða  
ása gördum í,  
mey né grætir  
né manns konu  
ok leysir ór höptum hvern.

Enn skal telja  
ása heiti:  
Þar er Yggr ok Þórr  
ok Yngvi-Freyr, Viðarr.

Viðarr heitir einn hinn þögli áss.

Þar er Yggr ok Þórr  
ok Ingvi-Freyr,  
Viðarr ok Baldr,  
Váli ok Heimdallr,  
þá er Týr.

Týr. Hann er djarfastr ok beztr hugaðr. Á hann  
er gott at heita hreystimönnum.

Burir eru Óðins:  
Baldr ok Meili,  
Viðarr ok Nepr,  
Váli, Áli,  
Þórr ok Hildólfr,

Hermóðr, Sigi,  
Skjöldr, Yngvi-Freyr  
ok Ítreksjóð,  
Heimdallr, Sæmingr,  
Höðr ok Bragi.

Bragi. Hann er ágætr at speki ok mest at mál-  
snilld ok orðfimi.

Svipum hefk nú ypt  
fyr sigtíva sonum.  
Vit þat skal vilbjörg vaka.

Heilir æsir!

### III. ÁSYNJUR

Heilar ásynjur!  
Heil sjá en fjölnýta fold!

Hverjar eru ásynjur? Frigg er æzt; hon á þann  
bæ, er Fensalir heita.

Frigg of grét  
í Fensölum  
vá Valhallar.  
Vituð ér enn, eða hvað?

Önnur er Sága á Sökkvabekk.

Sökkvabekkr heitir,  
en þar svalar knegu  
unnir glymjá yfir;  
þar Óðinn ok Sága  
drekka of alla daga  
glöð ór gollnum kerum.

Þriðja er Eir; hon er læknið bezt.

Lyfjaberg heitir,  
en þat hefr lengi verit  
sjúkum ok sárum gaman;  
heil verðr hver  
þótt hafi heljarsótt,  
ef þat klífr kona.

Fjórdá er Gefjon; er hon mær, ok henni þjóna  
þær er meyjar andast. Fimmta er Fulla. Hon  
er enn mær, ok ferr laushár ok gullband um  
höfuð. Hon ber eski Friggjar ok veit launráð  
með henni.

Freyja er ágætust af ásynjum; er hon ferr, þá ekr  
hon á köttum sínum ok sitr í reið.

Fólkvangr heitir,  
þar er Freyja ræðr  
sessa kostum í sal;  
hálfan val  
hon kýs hverjan dag,  
en hálfan Óðinn á.

Hon er nákvæmust mönnum til heita; henni  
líkar ok vel mansöngur; á hana er gott at heita  
til ásta.

Freyja giftist manni þeim, er Óðr heitir, þeirra  
dóttir er Hnoss; hon er svá fögr at af hennar  
nafni er hnossir kallaðar, þat er fagurt er og  
gersimligt. Óðr fór í braut langar leiðir, en  
Freyja grætr eftir, en tár hennar er gull rautt.

Sjöfn! Hon gætir mjök at snúa hugum manna  
til ásta, kvinna ok karla.

Lofn! Hon er svá mild ok góð til áheita at hon  
fær leyfi af Alföðr eða Frigg til manna sam-  
gangs, kvinna ok karla, þótt áðr sé bannat eða  
þvertakit fyrir.

Hittusk æsir á Iðavelli.

Einn sal gerðu þeir; þat var högr, er gyðjurnar  
áttu, ok var hann allfagurt hús; hann kalla  
menn Vingólf.

Vár! Hon hlýðir á einkamál, er veita sín á milli  
konur ok karlar. Því heita þau mál várar.  
Hon hefnir ok þeim er brigða.

Vör! Hon er vitr ok spurul, svá at engi hlut má  
hana leyna.

Syn! Hon gætir dura í höllinni ok lýkr fyrir  
þeim, er eigi skulu inn ganga; því er þat orðtak  
at syn er fyrir sett, þá er maðr neitar.

Hlín! Hon er sett til gæzlu yfir þeim mönnum,  
er Frigg vill forða við háska nokkrum.

Snotra! Hon er vitr ok látprúð, af hennar heiti  
er kallat snotr kona eða karlmaðr, sá er hóflátr  
er.

Gná! Hana sendir Frigg í ýmsa heima at erendum sínum.

Hon á þann hest, er rennr loft ok lög ok heitir Hólfvarpnir; af Gnár nafni er svá kallat at þat gnæfir, er hátt ferr.

Nú skal ásynjur allar nefna:  
Frigg ok Freyja,  
Fulla ok Snotra,  
Gerðr ok Gefjon,  
Gná, Lofn, Skaði.

Jörð, móðir Þórs, ok Rindr, móðir Vála, eru taldar með ásynjum.

Hlín ok Hanna,  
Hnoss, Rindr ok Sjöfn,  
Sól og Sága,  
Sigyn ok Vör.

Sól ok Bil eru taldar með ásynjum.

Hapt sé ek liggja und Hvera lundi lægjarns líki Loka áþekkjann.

Sigyn heldr mundlaugu undir eitrit. Þá slær hon út eitrinu.

Þar sitr Sigyn þeygi of sínum veri vel glýjuð.

Þá kippist hann svá hart við at jörð öll skelfr.

Vituð ér enn, eða hvað?

#### IV. VALKYRJUR

Enn eru aðrar Óðins meyjar:  
Hildir ok Göndul,  
Hlökk, Mist, Skögul;  
þá er Hrund ok Eir,  
Hrist, Skuld talið.

Þessar heita Valkyrjur. Þær sendr Óðinn til hverrar orrustu;

þær kjósa feigð á menn ok ráða sigri.

Sé ek valkyrjur vítt af komnar, görvar at ríða til Goðþjóðar; Skuld helt skildi en Skögul önnur, Gunnr, Hildir, Göndul ok Geirskögul.

Göndul ok Skögul sendi Gauta-Týr.

Skeggöld ok Skögul, Hildir ok Þrúðr, Hlökk ok Herfjötur, Göll ok Geirahöð, Randgríðr ok Ráðgríðr ok Reginleif, þær bera Einherjum öl.

Taktu á gólfi gangfögr kona, horn hválfanda! Hefik af drukkit.

Enn eru aðrar Óðins meyjar:  
Snót, brúðr, svanni, svarri, sprakki, fljóð, sprund, kona, feima, ekkja, rýgr, víf ok drós, ristill, sæta, man, svarkr ok hæll, mær ok kerling.

Nú eru taldar nönnur herjans, gjörvar at ríða grund, valkyrjur.

#### V. NORNIR

Nornir heita, þær er nauð skapur. Nipt ok Dísí nú mun ek telja.

Þessar meyjjar skapa mönnum aldr; en þeir menn er fyrir ósköpum verða, þá valda því illar nornir.

Þar stendr salr undir askinum við brunninn.

Þaðan koma meyjjar  
margs vitandi,  
Þrjár ór þeim sal  
er und polli stendr.  
Urð hétu eina,  
aðra Verðandi,  
skáru á skíði,  
Skuld ina þriðju.  
Þær lög lögðu,  
þær líf köru  
alda börnum,  
örlög seggja.

## VI. EINHERJAR

Hvötum er betra  
en sé óhvötum  
í hildarleik hafask,  
glöðum er betra  
en sé glupnanda,  
hvat sem at hendi kömr.

Ár skal rísa  
sá er annars vill  
fé eða fjör hafa.  
Liggjandi úlfr  
lær of getrat,  
né sofandi maðr sigr.

Fimm hundruð dura  
ok um fjórum tögum,  
svá hygg ek á Valhöllu vera.  
Átta hundruð Einherja  
ganga ór einum durum,  
þá er þeir fara með vitni at vega.

Allir Einherjar  
Óðins túnum í  
höggvask hverjan dag;  
val þeir kjósa  
ok riða vígi frá  
sitja meir of sáttir saman.

Ár valtívar  
veiðar námu

ok sumblsamir,  
áðr saðir yrði,  
hristu teina ok á hlaut sáú,  
fundu at Ægis  
örkost hvera.

Andhrímur  
lætr í Eldhrímni  
Sæhrímni soðinn,  
fleska beztr,  
en þat fáir vita  
við hvat Einherjar alask.

Skeggöld ok Skögul,  
Hildr ok Þrúðr,  
Hlökk ok Herfjötur,  
Göll ok Geirahöð,  
Randgríðr ok Reginleif,  
þær bera Einherjum öl.

Öl heitir með mönnum,  
með ásum bjórr,  
kalla veig vanir,  
hreinálög jötnar,  
en í helju mjöð.  
Kalla sumbl suttungs synir.

Gera ok Freka  
seðr gunntamiðr,  
hróðigr Herjaföðr,  
en við vín eitt  
vápngöfugr  
Óðinn æ lifir.

Askr Yggdrasils,  
hann er æztr viðá,  
en Skíðblaðnir skipa,  
Óðinn ása,  
en jóa Sleipnir,  
Biffröst brúa,  
en Bragi skálda,  
Hábrók hauka  
en hunda Garmr.

Svipun hefk nú ypt  
fyr sigtíva sonum,  
vit þat skal vilbjörg vaka.  
Öllum ásum  
þat skal inn koma  
Ægis bekkí á.



Heilir æsir!  
Heilar ásynjur!  
Heil sjá in fjölnýta fold!

*Textar úr Hávamálum, Völuspá, Alvíssmálum, Fáfnismálum, Fjölsvinnsmálum, Friðþjófs sögu frækna, Gylfaginningu, Grímnismálum, Heimskringlu (Ynglinga sögu), Hymiskviðu, Hyndluljóðum, Lokasennu, Nafnapulum, Sigurdrifumálum, Skáldskaparmálum og Vafþrúðismálum.*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

23. MARS 2018

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pascal La Rosa  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Pétur Björnsson  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Martin Frewer  
Andrzej Kleina

## 2. FIÐLA

Vera Panitch  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Þórdís Stross  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Matthías Stefánsson  
Ingrid Karlsdóttir  
Christian Diethard

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Bjarni Frímann Bjarnason  
Kristín Þóra Haraldsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Ólöf Sigursveinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Daniel Bogorad  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Ár Gunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Baldvin Tryggvason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## LÚR

Emil Friðfinnsson  
Ella Vala Ármannsdóttir  
Guðmundur Hafsteinsson  
Carlos Caro Aguilera

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Baldvin Oddsson  
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## PÁKUR

Eggert Pálsson  
Frank Aarnink

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason  
Árni Áskelsson  
Ólafur Hólm Einarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

# SCHOLA CANTORUM

23. MARS 2018

## 1. SÓPRAN

Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir  
Rakel Edda Guðmundsdóttir  
Fjóla Kristín Nikulásdóttir  
Vigdís Sigurðardóttir  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað

## 2. SÓPRAN

Ragnheiður Sara Grímsdóttir  
Ingibjörg Fríða Helgadóttir  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir  
Alda Úlfarsdóttir  
Hulda Dögg Proppé

## 1. ALT

Hildigunnur Einarsdóttir  
Jóhanna Ósk Valsdóttir  
Halla Marinósdóttir  
Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir  
Arnngerður María Árnadóttir

## 2. ALT

Auður Guðjohnsen  
Lilja Dögg Guðmundsdóttir  
Jara Hilmarsdóttir  
Sigurlaug Knudsen  
Ása Fanney Gestsdóttir

## 1. TENÓR

Guðmundur Vignir Karlsson  
Helgi Steinar Helgason  
Rögnvaldur Konráð Helgason  
Dagur Þorgrímsson  
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

## 2. TENÓR

Björn Thorarensen  
Aron Steinn Ásbjarnarson  
Þorvaldur Örn Davíðsson  
Marteinn Snævarr  
Sigurjón Jóhannsson

## 1. BASSI

Hreiðar Ingi Þorsteinsson  
Hafsteinn Þórolfsson  
Örn Ýmir Arason  
Sigurður Sævarsson  
Egill Gunnarsson

## 2. BASSI

Benedikt Ingólfsson  
Hjálmar P. Pétursson  
Björn Bjarnsteinsson  
Bjarni Hreinsson  
Sigurjón Halldórsson

## PIANÓLEIKARI Á ÆFINGUM

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## AÐSTOÐARKÓRSTJÓRI

Hreiðar Ingi Þorsteinsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**BÍÓTÓNLEIKAR**  
**26. OG 27. APRÍL 2018**

# AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

**MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**